

10
19da
septbr.

sem fyrir yfirstandandi ár er veitt til óvissra og ófyrirséðra útgjalda Íslands, mun láta til umráða nefndarinnar allt að 175 rd. til að gefa út prentaðan lista yfir ofan nefndar gjafa- bækur, þó svo, að fjárveiting þessi ekki fari fram yfir 25 rd. fyrir hverja örk prentaða af listanum, og verðr þetta fæ ávísað til útborgunar úr jarðabókarsjóðnum jafnskjótt og prentun listans er lokið.

Bréf landshöfðingjans (til landfógetans).

11
19da
septbr.

Samkvæmt því, er ráðgjafinn fyrir Ísland hefir tjáð mér, mun fjárhagsstjórnin til þess að nægr forði verði af hinnu nýu krónumynt hér á landi um það leyti, sem peningalögin frá 23. maí 1873, sbr. laugl. 25. september 1873 um hina nýu reikningaæining, í ná laga- gildi, og er það eptir auglýsingu 6. júní þ. á. 1. janúar 1875, gjöra ráðstöfun til að neð- annesfndar upphæðir af smápeningum þeim, sem tilteknið eru í peningalögunum 23. maí 1873, verði smátt og smátt sendir hingað:

213,000 25-aurapeningar = 53,250 krónur

213,000 10 — = 21,300 —

74,000 5 — = 3,550 —

213,000 2 — = 4,260 —

142,000 1 eyrispeninga = 1,420 —

og er þessi peningamergð ætluð til að vera 3 fyrir nef hvert á landinu af 25-, 10- og 2-aurapeningunum, 2 af eyrispeningunum og 1 af 5-aurapeningunum.

Nefnda upphæð, alls 83,780 krónur, hvar af 23,800 krónur eru komnar með síðasta póstskipti, vildi hr. landfógetinn jafnótt og þær verða afhentar yðr meðtaka í jarðabókarsjóðinn, sem tekjur fyrir aðalríkissjóðinn í Kaupmannahöfn.

Til þess að útbýtingin á ofan nefndum peningum geti átt sér stað með hokkornveginn jöfnuði um allt landið, og til þess að mönnum gefist færi á að eignast nauðsynlega smá- peninga til 1. jan. 1875, verðr að senda með 2 síðustu póstumum fóðr, þessum gjald- heimtumönnum, bærfógetanum á Akureyri og Ísafirði og sýslumönnum í Sudurímula- og Suæfellsnes-sýslum smápeninga þá, er hér segir, hverjum fyrir sig:

1000 25-aurapeninga = 250 krónur

1000 10 — = 100 —

500 5 — = 25 —

2500 2 — = 50 —

500 1 eyrispeninga . . . = 5 —

og hverjum fyrir sig af hinum öðrum sýslumönnum landsins

500 25-aurapeninga = 125 krónur

500 10 — = 50 —

200 5 — = 10 —

500 2 — = 10 —

500 1 eyrispeninga = 5 —

Fyrir þessum upphæðum, skulu sýslumenn senda landfógeta kvittanir með póstum apr, og gjöra grein fyrir þeim í sýslureikningum sínum fyrir yfirstandandi og næsta reikningsár, ef þeir kjósa ekki heldr að borga andvirði þeirra þegar í stað inn í jarða- bókarsjóðinn.

Þar eð yfirvöld þau, sem forði verðr sendr af hinum nýu smápeningum, ekki mega láta hina aðrgildandi smáskildinga út eptir 1. jan. 1875, verðr hr. landfógetinn að ánnast um, að þessir síðarnefnda smáskildingar, að því leyti þeir renna inn í jarðabókarsjóðinu, verði ekki látnir út apr, heldr sendir inn í aðalríkissjóðinn í Kaupmannahöfn.

11
19da
septbr.

11
19da
septbr.